

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirt-
ing hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 41/1909:

Stjórnendur Gránufélagsins
gegn
etazráði J. V. Havsteen.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði kand. Valdemar Thorarensen fyrir hönd Gránufélagsins á Akureyri fyrir aukarétti Akureyrar-kaupstaðar gegn stefnda, etazráði J. V. Havsteen kaupmanni á Akureyri, út af burtflutningi og sölu á sandi úr fjörunni sunnan við Strandgötuna á Oddeyri, framundan eignarlóðum stefnda, og var málið dæmt í nefndum rétti 13. marz f. á. þannig, að stefndi var sýkn dæmdur af kröfu Vald. Thorarensen og hann fyrir hönd Gránufélagsins skyldaður til að greiða stefnda í málskostnað 12. kr.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir, stjórnendur Gránufélagsins, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 12. ágúst þ. á., og hefir þess verið krafist af þeirra hálfu, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefnda verði bönnuð öll sandtaka og sandsala úr fjöru þeirri eða landspildu, er um ræðir í málinu, og að hann verði dæmdur tll að greiða áfrýjendum andvirði tekins sands og selds úr nefndri fjöru eða landspildu með að minsta kosti 39 kr. 38 a. auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags, svo og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Af hálfu stefnda hefir þess aftur

á móti verið krafist, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir í málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Með afsalsbréfum 20. október 1887 og 19. janúar 1899 og samkvæmt fundarályktun 30. júní 1892 seldi og afsalaði Gránufélagið hinum stefnda þrjár samanliggjandi lóðir á Oddeyri, langs með Strandgötunni, er samtals voru ákveðnar með þessari götu eða frá austri til vesturs 76 álnir, en frá norðri til suðurs 65 álnir vestari hluti lóðarinnar, en austari hlutinn 50 álnir, frá Strandgötunni að telja. Fyrir framan lóð þá alla, er stefndi þannig eignaðist, eða suður af henni, milli hennar og sjávar, er; að frátalinni Strandgötunni, sem liggur meðfram lóðinni, ekki annað en sandflæmi eitt eða fjaran, sem málsaðilar hafa fyrir undirréttinum verið sammála um að nefna alt svæðið, en þar, úr fjöru þessari, á hin átalda sandtaka að hafa átt sér stað. Í áðurnefndum afsalsbréfum er svo hljóðandi grein hnýtt aftan við lóðarafsalið: »Allur reki, svo sem hvala, viðar, kolkrabba o. s. frv. er fráskilinn kaupí þessu, sem og landshlutur af síld, en að öðru leyti hefir kaupandi öll önnur fjörugögn fyrir lóð þessari, svo sem uppsátur og rétt til þess að setja bryggjur o. s. frv.« Afryjandi heldur því nú fram, að þessi grein taki að eins til eiginlegra fjörugagna, og heimili því eigi stefnda neinn rétt, hvorki til sandtöku, sandsölu né annars á öðrum hluta svæðisins niður af hinum seldu lóðum, en þeim er fjara geti kallast í eiginlegum skilningi, eða sé milli flóðfars og fjörumáls í stórstraumi, en fyrir ofan stórstraumsflóðmál og upp að Strandgötu sé nokkurra álna breitt belti, sem verði í lagalegum skilningi að teljast meginland en ekki fjara, þótt sandfláki sé, og eigi Gránufélagið þá ræmu enn með óskertum rétti, þar sem hún hafi eigi

verið seld stefnda með áðurnefndum gjörningum. Svo eigi og Gránufélagið enn af sömu ástæðu litla ræmu ofan Strandgötunnar, milli hennar og lóðar stefnda, því að lóð stefnda ná ekki alveg að tæðri götu, eins og uppdráttur sá yfir hið umþrætta svæði sýni, er lagður hefur verið fram fyrir yfirdómi af áfryjanda hálfu. Að því er sjálfa fjöruna (fyrir neðan stórstraumsflóðfar) snertir, neita áfryjendur því og að nefnd grein heimili stefnda rétt til sandtöku þar, því að þar sem Gránufélagið, samkvæmt áðursögðu, sé enn eigandi að landspildunni næst fjörunni, þá beri því sem landeiganda allur sá réttur yfir henni, er eigi sé beint frá kominn að lögum, en stefnda sé í greininni að eins tilskilinn réttur til uppsáturs og bryggju-setningar og annara þess konar ofnota af fjörunni, er hann hafi sózt eftir vegna verzlunar sinnar, en réttur til sandtöku geti eigi talist þar til, enda geti ofmikil sandtaka orðið til að eyðileggja landspilduna fyrir ofan, er Gránufélagið ætti enn. Telja áfryjendur að stefndi hafi þegar selt 179 tunnur af sandi á 22 aura tunnuna og krefjast andvirðis þessa sands með 39 kr. 38 aur. auk vaxta, sem fyr greinir, og að stefnda verði bönnuð eftirleidis öll sandtaka niðurundan lóð hans.

Vegna lagaákvæða þeirra, er koma verða til greina við úrslit þessa máls, en það er Jb. rekab. 1. og 2. kap., skiftir það mjög máli, hvort það er rétt, er áfryjendur halda fram, að Gránufélagið eigi enn land (meginland) milli lóðar stefnda og sjávar, eða hvort hitt er réttara, að fjaran eigi að teljast ná alt upp að Strandgötunni og lóð stefnda, að Strandgötunni einni frátalinni, en þessu heldur stefndi fram.

Í þessu tilliti skal það tekið fram, að eftir uppdrætti

þeim sem fram er lagður í málinu, og ómótmæltri skýrslu þeirra manna, er hann gjörðu, sést ekki móta fyrir neinni brún á veginum (Strandgötunni) þeim megin, er lóð stefnda er, og virðist hann því liggja fast upp að henni, og þetta kemur einnig heim við orðin í afsalsbréfinu til stefnda 19. janúar 1899, er segja lóðarstærðina norður eftir vera 50 álnir »frá Strandgötunni að telja«, en með því að öll lóð stefnda, þeim megin er að sjónum veit, er í sömu beinni línunni »langs með Strandgötunni, þá verður eigi talinn vafi á því, að ekkert svæði liggur í milli lóðar stefnda og Strandgötunnar, er Gránufélagið geti enn verið eigandi að.

Að því er hitt atriðið snertir, hvort fjaran eigi að teijast ná upp að Strandgötunni, eða þar sé efst »meginland«, er Gránufélagið eigi enn óskertan rétt til og sé undanþegið öllum afnotum stefnda, þá hafa að vísu menn þeir, er uppdráttinn gjörðu, þann er fyr er getið, sýnt á honum flóðlínuna eins og þeir þóttust sjá allglögg merki til þess að hún hefði verið 3 vikum á undan mælingunni eða 31. ágúst f. á., og eru frá þeirri línu um 8 álnir upp að Strandgötunni, en svæði eða belti þar með þeirri breidd; upp að Strandgötunni vilja áfrýjendur nú telja meginland og undanþegið fjörunotum stefnda. Þessari flóðlínuasetningu á uppdráttinum hefir verið mótmælt sem rangri og óábyggilegri af stefnda. En þó að hún væri nærri lagi, þá er þess að gæta, að í afsalsbréfum stefnda er berlega gengið út frá því, að lóð stefnda liggi að fjörunni, svo að þar sé engin lóð í milli og sjávar, er fylgja ætti að lögum fjörunot fyrir neðan lóðina. Þetta sést af því, að það er álitin þörf á að

undanskilja kaup þessu réttinn til reka, til þess að seljandi haldi honum áfram. Það má líka ráða það með vissu af innihaldi hinnar sömu greinar í afsalsbréfunum, að fjaran er talin þar óskift upp að götu eða lengra upp en að stórstraumsflóðlínu, þar sem fjörunot stefnda, sem þar eru sérstaklega nefnd sem dæmi, uppsátur og bryggju-setning, gátu eigi að öðrum kosti komið stefnda að gagni. Í samræmi við þetta, sem nú hefir verið talið, er það og, að áfryjendur hafa fyrir undirréttinum í allri málsfærslu sinni frá fyrsta, í sáttakæru, stefnu og sóknarskjölum, talið alt svæði það, er hér er um að ræða, óslitna fjöru, upp að götu, og ber þetta alt að hinu sama, að stefndi og enginn annar hafi verið talinn eiga land eða lóð að fjöru á þessum stað, eða að svo hafi verið litið á frá upphafi, að fjaran næði alla leið upp að Strandgötunni og lóð stefnda.

Eftir Jb. rekabálki 2. kap. er gjörð greining á því, hvern rétt rekamaður eigi, ef eigi er öðruvísi ákveðið, og hvern landeigandi, en landeiganda ber hér að telja stefnda, samkvæmt því sem á undan er sagt. Réttur sá, er Gránufélaginu er áskilinn, virðist einmitt ekki öðruvísi ákveðinn í afsalsbréfunum en réttur rekamanns í nefndum lagastað, og er því engin heimild til að eigna því frekari rétt en rekamanni er þar talinn bera. Öll önnur fjöruvéttindi á því landeigandi, en þar til virðist eiga að telja sandtöku, sem jafna má auk þess nokkuð við þaratóku, eins og málsaðilar hafa gjört í málsfærslu sinni, en landeigandi á að lögum rétt til hennar, enda virðist og eðlilegt, að landeigandi eigi ráðin til að gæta þess, að ofmikil sandtaka spilli eigi landi hans. Það verður samkvæmt þessu að fallast á niðurstöðu þá í máli þessu, er

undirdómarinn hefir komist að, og að sýkna stefnda af kærnum og kröfum áfryjanda í málinu. Ber því að staðfesta aukaréttardóminn að öllu leyti, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfryjandi greiði stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjendur, stjórnendur Gránufélagsins, greiði stefnda J. V. Havsteen málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. apríl.

Nr. 45/1909:

Guðmundur Jónasson og
Einar M. Jónasson
gegn
Oddi Gíslasyni og
Birni sýslumanni Bjarnarson.

D ó m u r:

Við fógetagjörð, sem haldin var af sýslumanninum í Dalasýslu 23. júlí f. á. á heimili Guðmundar Jónasson